

Nd.

199. Tillaga

til þingsályktunar um skipun millipinganevndar til að ihuga sveitarstjórnar-
bæjarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna
nefnd til að ihuga sveitarstjórnar-, bæjarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, en atvinnumálaráðherra nefnir hinn fimta. Skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði. Aðstoð við nefndarstörfin, svo og útgjöld til þess að útvega nægar upplýsingar, ber að telja til nefndarkostnaðar.

Nefndin skal senda atvinnumálaráðherra tillögur sínar eins fljótt og við verður komið, en sjerstaklega er ætlast til, að frumvörp um útsvarsskyldu manna og kosningar til sveitarstjórna og bæjarstjórna verði afgreidd svo fljótt, að þau verði lögð fyrir Alþingi 1926.

Greinargerð.

Á þingi eru komin fram allmörg frumvörp um breytingar á löggjöf þeirri, er nefndin leggur til, að millaþinganefnd taki nú til meðferðar; sjerstaklega á þetta sjer stað um bæjarstjórnarlöggjöfna og horfir þar til hins mesta glundroða, þar sem farið er fram á sjerákvæði fyrir hvern kaupstað, og þau að ýmsu frábrugðin ákvæðum sveitarstjórnarlaganna.

Frv. til laga um bygðarleyfi, sem fram er komið og stefnir til nýrrar löggjafar um dvalarrjett, sem hlýtur að hafa mikil og margháttuð áhrif á atvinnuvegi manna, þarf mjög vandlegar íhugunar við.

Eigi þýðingarminni er takmörkun sú á því, hvað teljast skuli sveitarstyrkur, sem fram er borin á þessu þingi og virðist hafa fylgi nokkurra þingmanna.

Þegar hjer við bætist, að stytting sveitfestistímans hlýtur að hafa gagngerða breyting á meðferð fátækramála og aðstöðu einstakra sveitarfjelaga í för með sjer, án tillits til þeirrar afarmiklu breytingar, sem orðið hefir í því efni fyrir ný og aukin atvinnuskilyrði, virðist auðsætt, að slíkum málum geti ekki orðið vel ráðið á þeim stutta tíma, sem þingið hefir til umráða, og því sje full þörf á, að öll hjeraðslöggjöfin sje athuguð í heild sinni.